



Aðalfundur golfklúbbs Dalbúa 2013 haldinn 28. nóvember.

Fundargerð

Fundur haldinn í Rafiðnaðarskólanum Stórhöfða 27 og settur kl. 17.00.

Mætt: Páll Þ. Ólafsson, Hafsteinn Danielsson, Ómar Þórðarson, Sæmundur Árnason, Hörður Bergsteinsson, Halldór Snæland.

Páll Þ. Ólafsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða.
Formaður stakk upp á Halldóri Snæland sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Páll Þ. Ólafsson formaður flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum (sjá meðfylgjandi ársskýrslu).

Í upphafi máls síns minntist hann látins félaga og stjórnarmanns til margra ára Stefáns Ó. Guðmundssonar sem lést þann 21.05.2013.

Í skýrslunni er að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfsemina á árinu og jafnframt skýrslur nefnda, þ.e. mótanefndar (ásamt yfirliti yfir mót og úrslit þeirra), vallarnefndar, húsnefndar auk ítarlegrar skýrslu rekstaraðila vallarins.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins:

Gjaldkeri fór yfir ársreikninginn sem lagður var fram á fundinum (sjá meðfylgjandi ársreikning 16/10 2012 - 15/10 2013).

Rekstrartekjur ársins voru kr. 5.089.947.- en rekstrargjöld kr. 4.479.132.- og afgangur frá rekstri kr. 610.815.-. Eigið fé jókst um samsvarandi upphæð og var kr.12.364.040.- en skammtímaskuldir eru kr.127.616.-. Félagið á í lok reikningsárs kr. 235.600.- á bankareikningi.

Líkt og á undanförunum árum voru tekjur klúbbsins að mestu notaðar til framkvæmda við völlinn á liðnu sumri og eiginfjárstaðan hækkuð um sem nemur virði þeirra framkvæmda.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar:

Ef á heildina er litið, einkenndist sumarið af mikilli vætutið sem hafði þau áhrif að

aðsókn á golfvöllinn var minni en undanfarin sumur, að sumrinu 2011 undanskildu, og færri ófélagsbundnir keyptu sig inn á völlinn. Hætt var við Dalbúamótið í holukeppni og Opna Fontana mótinu var seinkað vegna dræmrar þátttöku. Heildartekjur af mótum sumarsins voru nokkru hærri en á fyrra ári. Styrktarmót Símans var fjölmennt og var þar keppt með Chapman-fyrirkomulagi sem mæltist mjög vel fyrir. Vegna nokkurrar fjölgunar fullborgandi félaga innheimtust hærri félagsgjöld en í fyrra þrátt fyrir einhverja fækkun almennra félaga.

Tekjur af styrkjum voru heldur lægri en á fyrra ári, en helstu styrktaraðilar voru Fontana, Hótel Edda, FBM, RSÍ og fleiri.

Klúbburinn var eini golfklúbburinn sem tók þátt í Golfdögum í Kringlunni í vor og vakti það athygli og var góð auglýsing.

Fundarmenn voru sammála um að klúbburinn skyldi halda þeirri stefnu óbreyttri að efna ekki til skulda til að standa undir framkvæmdum. Sumarið 2014 er ekki fyrirhugað að fara í neinar kostnaðarsamar framkvæmdir, heldur miða við tiltekt og snyrtingu á vellinum og umhverfi hans. Sumarið 2014 skal ljúka við merkingar teiga og brauta, en því verki tókst ekki að ljúka sumarið 2013. Einnig var rætt um gerð tjarnar fyrir aftan 9. flöt en Ólafur Pálsson lagði fram styrk upp á 100.000 kr. til þeirra verka á styrktarmóti Dalbúa í sumar.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með glæsilega ársskýrslu og ársreikning og töldu vel vera farið með fjármuni félagsins.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2013 var samþykktur samhljóða.

4. Afreiðsla tillagna til lagabreytinga:

Engar tillögur bárust um breytingar á lögum félagsins með tilskyldum fyrirvara, og því engin umræða um þann lið.

5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og afgreiðslu:

Aðalfundur felur stjórn félagsins að yfirfara gamlar viðskiptakröfur og veitir henni heimild til að afskrifa þær eins og tilefni gefst til. Meirihluti þessara krafna eru gömul ógreidd félagsgjöld.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár:

Stjórn lagði til að árgjöld yrðu óbreytt frá fyrra ári og verði sem hér segir:

- kr. 30.000.- fyrir einstakling,
- kr. 24.000.- fyrir einstakling 67 ára og eldri (miðað við fæðingarár),
- kr. 10.000.- fyrir unglinga undir 18 ára að aldri (miðað við fæðingarár),
- kr. 5.000.- fyrir unglinga undir 14 að aldri (miðað við fæðingarár).

Formaður óskar eftir leyfi til breytinga á vallargjaldi að höfðu samráði við rekstraraðila.

Rætt var um endurupptöku hjónagjalds, hvort stjórnarmenn fengju afslátt af árgjöldum og einnig hvort þeir fengju greidda bensínreikninga þegar þeir sæktu stjórnarfundum um langan veg.

Ekki var borin fram tillaga þar að lútandi og formleg afstaða því ekki tekin til þessara mála. Meirihluti fundarmanna var þeirrar skoðunar að ekki ætti að breyta núverandi fyrirkomulagi.

Tillaga stjórnar um árgjald borin upp og samþykkt.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins.

Fundarstjóri bar upp fram komnar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða:

- Formaður var kjörinn Páll Þórir Ólafsson.

- Í aðalstjórn voru kjörnir til tveggja ára: Bragi Dór Hafþórsson og Örn Ólafsson.

- Varamenn til eins árs voru kjörnir: Guðmundur H. Sigmundsson og Hörður

Bergsteinsson.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara:

Stungið var upp á Jóni Þ. Hilmarssyni og Guðmundi R. Valtýssyni.

Samþykkt samhljóða.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar.

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun 2014 til kynningar.

Fundarmenn töldu nauðsyn á að leita leiða til að auka tekjur klúbbsins t.d. með kostun á framkvæmdum auk þess að sækja um alla þá styrki sem í boði væru hjá opinberum aðilum.

Fundarmenn voru sammála um að best væri að fara varlega í framkvæmdum og miða við fjárhagslega getu klúbbsins til framkvæmda.

Fjárhagsáætlun ársins 2014 var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Rætt var um fyrirhugaða gerð tjarnar við 9. flöt og lýstu menn áhuga á því þar sem búið væri að finna kostunaraðila við þá framkvæmd.

Bent var á að ef til tjarnargerðar kæmi væri nauðsynlegt að stækka flötina talsvert til að auðvelda innáhögg. Nauðsynlegt er að skoða þann kostað vandlega áður en til tjarnargerðar kemur.

Rætt var um að ljúka merkingum á brautum og teigum auk þess sem haldið verður áfram við lagfæringar og stækkun á teigum.

Endurkjörinn formaður, Páll Þ. Ólafsson þakkaði að lokum fundarmönnum góðan fund og vonaðist til að sjá sem flesta félagsmenn í leik og starfi fyrir félagið í framtíðinni.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundi slitið kl. 18.30

Fundargerð ritaði Halldór Snæland.